## Fundargerð

1. fundur leikskólaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
19. júní 2026, kl. 08:15

<u>Viðstaddir:</u>

Fulltrúar leikskólaráðs: Ásdís Ólafsdóttir formaður, Hildur Björnsdóttir, Logi Þór Ágústsson og Sighvatur Jónsson.

Fulltrúar menntaráðs: Berglind Ragnarsdóttir formaður, Bjarni Halldór Heiðuson, Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Sigrún Þorsteinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Sigurbjörg Róbertsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Anita Engley Guðbergsdóttir fulltrúi FFGÍR, Brynja Aðalbergsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Linda Hlín Heiðarsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Maciej Baginski fulltrúi foreldra leikskólabarna, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi, Bergljót Sif Stefánsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Harpa Björg Sævarsdóttir boðaði forföll.
Díana Hilmarsdóttir boðaði forföll og sat Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir fundinn í hennar stað.

Um sameiginlegan fund menntaráðs og leikskólaráðs var að ræða en gerðar voru tvær fundargerðir, ein fyrir menntaráð og önnur fyrir leikskólaráð.

Leikskólaráð samþykkti 5-0 að taka á dagskrá málið Skipting embætta í leikskólaráði (2026060289). Fjallað var um málið undir dagskrárlið 1.

Leikskólaráð samþykkti 5-0 að taka á dagskrá málið Siðareglur kjörinna fulltrúa (2026050308). Fjallað var um málið undir dagskrárlið 3.

* * *

### 1. Skipting embætta í leikskólaráði (2026060289)

Á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar þann 16. júní 2026 voru eftirtaldir kjörnir aðal- og varafulltrúar í leikskólaráð kjörtímabilið 2026-2030:

Aðalfulltrúar: Ásdís Ólafsdóttir (D), Harpa Sævarsdóttir (D), Logi Þór Ágústsson (D), Sighvatur Jónsson (B) og Hildur Björnsdóttir (S).

Varafulltrúar: Elísa Johnsen (M), Helga Guðrún Sigurðardóttir (D), Sverrir Örn Leifsson (D), Þórarinn Darri Ólafsson (B) og Tinna Kristjánsdóttir (S).

Bæjarstjórn kaus Ásdísi Ólafsdóttur sem formann leikskólaráðs.

Leikskólaráð kaus í eftirtalin embætti:

Harpa Björg Sævarsdóttir var kjörin varaformaður leikskólaráðs.

Logi Þór Ágústsson var kjörinn ritari leikskólaráðs.

2. **Erindisbréf leikskólaráðs (2026060120)**

   Drög að erindisbréfi leikskólaráðs lögð fram til kynningar. Fulltrúum ráðsins gefst kostur á að senda inn athugasemdir og verður erindisbréfið lagt fram á næsta fundi ráðsins áður en það fer til umfjöllunar og afgreiðslu forsetanefndar.

3. **Siðareglur kjörinna fulltrúa (2026050308)**

   Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjanesbæ lagðar fram til kynningar. Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi. Kjörnir fulltrúar munu undirrita siðareglurnar því til staðfestingar.

4. **Mælaborð menntasviðs - fyrsti ársfjórðungur 2026 (2026060250)**

   Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs kynnti mælaborð sviðsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2026.

______________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.